

Stéttarfélag verkfræðinga

Stefnumótun 2003-2008

Stefnumótun 2003-2008

Efnisyfirlit

Inngangur

Framtíðarsýn

Núverandi staða

Stefna, markmið og leiðir

Viðauki

Þátttakendur í vinnunni

Lykilorð:

Ráðningarsamningar, leiðandi í kjarabaráttu

Nýir félagsmenn – sjóðirnir laði að

Heilsuefli

Góður rekstur, gagnsær rekstur

Kannaðir verði kostir/gallar þess að hafa eitt félag verkfræðinga /
tæknimanna

PR – Verktækni

Hagræðing – Lífsverk, KTFÍ/ST

Ímynd verkfræðinga, móta umræðuna

Stefnumótun 2003-2008

Inngangur

Haustið 2003 vann Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga stefnumótun fyrir félagið. Ástæða þótti að skoða starfið á undanförunum árum og móta starfsemina á komandi árum. Markmiðið var að hafa þarfir félagsmanna að leiðarljósi í stefnumótuninni. Félagsmaðurinn velur að greiða til félagsins og vill fá fjölbreytta þjónustu fyrir gjald sitt.

Til þess að geta markvisst unnið að verkefninu fékk stjórn Stéttarfélags verkfræðinga Sævar Kristinsson ráðgjafa hjá Netspori til að aðstoða við stefnumótunina.

Haldinn var stefnumótunarfundur dagana 10.-11. október 2003.

Við stefnumótunina var valið að afmarka hana í tíma við fimm ár. Sett voru mælanleg markmið og fundnar leiðir að þessum markmiðum.

Stefnumótun 2003-2008

Framtíðarsýn

Kynning félagsins gagnvart félagsmönnum, öðrum verkfræðingum og almennt út á við verði öflug og markviss. Félagið verði virkur aðili í ímyndarsköpun verkfræðinga framtíðarinnar.

Störf verkfræðinga njóti vaxandi viðurkenningar og launaþróun þeirra verði í takt við það. Á árinu 2008 njóti verkfræðingar aukinnar virðingar sem endurspeglar í auknum fjölda þeirra í stjórnunar- og sérfræðistörfum. Kynjabundinn launamunur í verkfræðingastétt verði ekki til.

SV laði að félagsmenn og að minnsta kosti 75% starfandi verkfræðinga verði í félaginu árið 2008.

Félagið verði rekið á faglegum grunni með heilbrigðan og gagnsæjan rekstur, þar sem þjónusta við félagsmenn er höfð að leiðarljósi.

Stefnumótun 2003-2008

Núverandi staða

- Fjárhagslegur grundvöllur

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að styrkja fjárhagslegan grundvöll félagsins. Til þess að ná þeim markmiðum hefur verið kappkostað að bæta innheimtu og fjölga félögum. Gerður hefur verið samstarfssamningur við Stéttarfélag tölvunarfræðinga um rekstur þess félags. Stefna SV hefur frá upphafi verið sú að mæta auknum útgjöldum með fjölgun félagsmanna. Það hefur gengið vel og er það mat stjórnar SV að orðspor félagsins sé almennt gott meðal verkfræðinga.

- Aukin þjónusta

Kröfur um þjónustu aukast stöðugt. Dæmi um slíkt er Orlofssjóður SV. Rekstur sjóðsins hefur aukist hratt undanfarin ár. Ánægjulegt er, að tekist hefur að veita mun betri þjónustu en hjá sambærilegum sjóðum. Sjúkrasjóður SV skiptir miklu máli fyrir verkfræðinga utan kjarasamninga. Gera má ráð fyrir að þessir sjóðir vaxi á næstunni. Starfsemi vísindasjóða SV er öflug og markvisst er unnið að kynningu þeirra.

Mikill tími fer í persónulega ráðgjöf svo sem yfirferð ráðningarsamninga. Þessi þjónusta er mjög mikilvæg fyrir félagsmenn sem starfa “utan kjarasamninga”. Þeir eru rúmlega helmingur félagsmanna. Síðustu misseri hefur því miður mun meira borið á því að félagsmenn þurfi að bera undir SV ráðningarsamninga við ráðningarslit. Þó að við kynningu á félaginu sé ætíð lögð rík áhersla á mikilvægi ráðningarsamninga er ljóst að gera þarf enn betur til að gerð þeirra sé undantekningalaus.

Lögfræðiaðstoð er einn af hornsteinunum í starfsemi félagsins. Það er mjög mikilvægt að félagsmaðurinn finni að stutt sé við bakið á honum þegar vandamál skapast eða deilur koma upp við vinnuveitanda.

Stefnumótun 2003-2008

- Kjarakannanir

Árleg kjarakönnun SV hefur verið gerð frá árinu 1988. Sendir hafa verið út spurningalistar á pappíriformi en svör send beint til Félagsvísindastofnunar HÍ sem séð hefur um úrvinnslu. Árið 2003 var könnunin gerð á rafrænan hátt og bárust þá 474 svör sem var langmesta þátttaka frá upphafi.

Kjarakönnun á FRV stofum er nýmæli en tvær slíkar hafa verið gerðar, árin 2000 og 2002.

Markaðslaunatafla SV er mikið notuð. Markaðslaunatafla SV hækkar með umsömdum kauphækkunum og er síðan borin saman við niðurstöður árlegrar kjarakönnunar SV.

- Kjarasamningar

Stór hluti starfsemi SV er gerð kjarasamninga við opinbera aðila það er ríki, og sveitarfélög sem og verkfræðistofur í Félagi ráðgjafarverkfræðinga, FRV.

SV stefnir að því hafa áhrif á almenna þróun kjaraviðræðna í þjóðfélaginu á komandi árum.

Taka skal fram að SV hefur löngum verið hlynnt því að launahækkanir séu sóttar bæði með miðlægum kjarasamningum og launasamtölum. Því hefur félagið lagt á það áherslu að nauðsynlegt sé fyrir hvern einstakan félagsmann að fylgjast vel með launapróun og þar er SV sterkur bakhjarl við öflun og miðlun upplýsinga.

- Miðlun upplýsinga

Einn nauðsynlegasti þátturinn í starfi félags eins og SV er miðlun upplýsinga.

Félagið hefur á undanförunum árum tekið þessi mál föstum tókum. Árið 1999 var opnuð heimasíða en með henni sköpuðust tækifæri til að miðla upplýsingum á fjölbreyttari og auðveldari hátt. Ný og bætt heimasíða var opnuð í byrjun árs 2003. Meginhugmyndin við gerð síðunnar var að skapa umgjörð til að byggja upp öflugan upplýsingabanka sem yrði einfaldur í viðhaldi og þróun.

Verktækni er mál gagn SV, VFÍ og TFÍ. Fyrir nokkrum árum var efni frá SV að mestu horfið úr blaðinu en nú hefur breyting orðið á. Lagt var til í stjórn SV á sínum tíma að draga félagið út úr blaðinu. Ekki varð af því og nýttist blaðið mjög vel við að miðla upplýsingum til félagsmanna. Útliti blaðsins var breytt og var það mjög til bóta. Í útgáfu blaðsins felast mikil sóknarfæri fyrir verkfræðingastéttina bæði kjaralega og faglega.

Stefnumótun 2003-2008

- Samstarf og samvinna við önnur félög.

Undanfarin ár hefur samstarf við önnur félög aukist.

Áður hefur verið minnst á samstarf við Stéttarfélag tölvunarfræðinga. Árið 1998 áttu sér stað viðræður SV og VFÍ um stofnun “regnhlífarsamtaka” tæknifólks og voru hópar eins og arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og fleiri nefndir til sögunnar. Hugmyndin var einkum sú að skapa vettvang til að koma fram út á við til að auka hróður stéttanna og til þess að leiðrétta ýmsan misskilning sem landlægur er í fréttum af starfi þessara hópa.

Í seinni tíð hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til að sameina VFÍ og SV. Síðasta sameiningartilraun var gerð 1998. Haustið 2003 hófust að frumkvæði TFÍ viðræður um hugsanlega sameiningu SV, VFÍ og TFÍ.

Í hreinum kjaramálum hefur beint samstarf við önnur félög verið lítið undanfarin ár. SV og KTFÍ hafa þó lengi verið í samstarfi við gerð samninga við FRV.

Framkvæmdastjóri SV hefur að eigin frumkvæði haft samband við önnur stéttarfélög um ýmis málefni. Mikilvægt er að skapa góð tengsl við þau og að traust ríki milli félaga þó áherslur geti verið mismunandi. Stjórn SV þarf á hverjum tíma að skoða hvort vænlegt sé að auka samstarf við önnur félög um kjaramál.

- Sýnileiki SV

Það vakti mikla athygli þegar SV lagðist gegn því að ítalska verktakafyrirtækið Impregilo fengi atvinnuleyfi fyrir starfsmenn sína á Íslandi. Stjórn SV skoðaði málið gaumgæfilega og rökstuddi umsögn sína. Stjórn SA sendi SV tóninn á heimasíðu sinni vegna afstöðu stjórnar félagsins. Atvinnuleyfi voru veitt þrátt fyrir afstöðu SV. Þó það hafi ekki verið ætlun stjórnar SV að stofna til flugeldasýningar vegna málsins þá má segja að afstaða félagsins hafi skapað því virðingu flestra annarra en SA og SV mun áfram vinna að því hagsmunamáli stéttarinnar að koma í veg fyrir að erlendir verkfræðingar sem starfa á Íslandi njóti verri kjara en íslenskir starfsbræður þeirra.

- Þátttaka félagsmanna í starfi SV:

Árið 1994 var fyrsti starfsmaðurinn var ráðinn til SV. Starfsemin hefur aukist hratt og í lok ársins 2002 var öðrum starfsmanni bætt við. Það er stundum erfitt að fá félagsmenn til að taka þátt í félagsstörfum. Þetta er að mörgu leyti skiljanlegt og önnur félög hafa svipaða sögu að segja. Það er nauðsynlegt er að stöðugt sé svipast um eftir góðu fólki til að taka þátt í starfi félagsins.

Stefnumótun 2003-2008

Stefna, markmið og leiðir

Kjaramál

Stefna:

Verkfræðingar njóti aukinnar viðurkenningar og launapróun þeirra verði í takt við það og kynjabundinn launamunur hverfi.

Markmið:

Launapróun verkfræðinga til hækkunar launa verði hraðari en annarra stétta, enda endurspegli laun þeirra ábyrgð og sérþekkingu.

Á almennum vinnumarkaði verkfræðinga verði til staðlað form ráðningasamnings.

Leiðir að markmiði:

- Markvisst kynningarstarf SV á eðli starfs verkfræðinga dragi athygli að þeim.
- SV reki áróður meðal félagsmanna um gildi sí- og endurmenntunar.
- Sérfræðipekking félagsmanna verði söluvara þeirra.
- Samkomulag verði gert við Samtök atvinnulífsins um form staðlaðs ráðningarsamnings.
- SV útbúi og viðhaldi gátlista við ráðningasamning, um nánari ákvæði hans.
- Ráðningarstofur vísi verkfræðingum á SV til að tryggja rétta gerð ráðningarsamnings.
- Stunda kjarabaráttu og hvetja sérstaklega til launaviðtala.
- Safna saman og kynna launatölur. Sérstaklega sé hugað að kynjabundnum launamun.
- Nýútskrifaðir verkfræðingar verði hvattir til að sækja um löggildingu starfsheitis.

Stefnumótun 2003-2008

Kynningarstarf

Stefna:

SV haldi úti öflugu kynningarstarfi, bæði gagnvart eigin félögum og til ímyndarsköpunar út á við.

Markmið:

Heimasíðan er andlit félagsins út á við. Síðan laði að félagsmenn og aðra verkfræðinga, enda sé hún gagnvirk og lifandi. Hún greini frá helstu fréttum úr starfi félagsins ásamt því að veita upplýsingar um einstök málefni.

Félagið nýti aðra miðla til að koma upplýsingum á framfæri og verði leiðandi í umræðum í þjóðfélaginu.

Í mál gagninu Verktækni verði mikil umfjöllun um efni sem stuðla að bættum kjörum verkfræðinga. Blaðið verði þekkt í þjóðfélaginu og aðrir fjölmiðlar vitni gjarnan í efni blaðsins í fréttaflokkningi.

Leiðir að markmiði:

Heimasíðan:

- Heimasíðan verði að hluta til gagnvirk og lifandi með reglubundnum uppfærslum.
- Félagar geta skoðað réttindi sín í einstökum sjóðum og eins varðandi úthlutun sumarhúsa.
- Allar umsóknir verði á rafrænu formi.
- Auðvelt verði að finna svör við algengum spurningum varðandi launa- og kjaramál ásamt markaðslaunum.
- Hægt verði að skiptast á skoðunum við aðra félagsmenn á sérstökum spjallrásum.

Verktækni:

- Stjórnarmaður SV sitji í blaðstjórn Verktækni. SV vinni að öflugum faglegum efni í blaðið.
- Blaðið verði með líflegum viðtölum við verkfræðinga sem vinna að fjölbreyttum störfum og verði þannig gert spennandi aflestrar.
- Mögulegt verði að skoða a.m.k. SV- hluta Verktækni á vefformi gegnum heimasíðu SV.

Stefnumótun 2003-2008

Annað:

- Leiða umræður í þjóðfélaginu með því að koma fram í fjölmiðlum.
- Gefa út bæklinga um kjaramálefni.
- Kynna félagið í háskólum og á vinnustöðum.
- Kynna dóma vegna kjaramála.
- Miðla efni frá systurfélögum á Norðurlöndum.

Stefnumótun 2003-2008

Menntunarmál

Stefna:

Verkfræðingar afli sér sí- og endurmenntunar sem m.a. skili sér í fjölgun verkfræðinga í stjórnunar- og sérfræðistörfum.

Markmið:

Sérþekking verkfræðinga metin að verðleikum, hvort sem um er að ræða stjórnunar- eða sérfræðistörf.

Leiðir að markmiði:

- SV reki áróður meðal félagsmanna um gildi sí- og endurmenntunar.
- Efla sérþekkingu þar með talið viðskipta-, markaðsfræði- og rekstrarþekkingu í samvinnu við háskólana.
- Ákvæði um sí- og endurmenntun verði sett inn í ráðningarsamninga.
- Nýta Verktækni fyrir reynslusögur verkfræðinga.
- Bæta þekkingu ráðningarstofa á eðli og kröfum til starfa verkfræðinga.
- Nýta vísindasjóði til að hvetja til og styrkja stjórnendanám.
- Verkfræðingum í stjórnunarstöðum fjölgi verulega og verði 45% þeirra í slíkum stöðum árið 2008 (úr því að vera 35% árið 2003).
- Allir verkfræðingar séu annað hvort með aðild að vísindasjóðum eða ákvæði um endurmenntun í ráðningarsamningi.

Stefnumótun 2003-2008

FÉLAGSAÐILD

Stefna:

Aðild að SV verði almenn meðal verkfræðinga enda séu kostir aðildar augljósir.

Markmið:

Hlutfall starfandi verkfræðinga sem eru félagar í SV verði komið í að minnsta kosti 75% árið 2008. Kostir aðildar verði dregnir fram og kynntir á markvissan hátt.

Leiðir að markmiði:

- Þjónusta SV verði sýnileg og nytsemi hennar öllum ljós.
- Sjóðir félagsins laði að verkfræðinga.
- Sérstaklega verði eftirsóknarvert að komast í sjúkrasjóð SV enda er sjóðurinn mjög öflugur tryggingarsjóður.
- Sjúkrasjóður SV hvetji til ýmiss konar heilsueflis svo sem með styrkjum til líkamsræktar.
- Orlofsbústaðir SV laði að félagsmenn.
- Kannað verði með kosti og galla þess að hafa eitt félag verkfræðinga / tæknimanna.

REKSTUR

Stefna:

Rekstur SV sé traustur og gegnsær félagsmönnum.

Markmið:

Aðhalds sé gætt í rekstri og samræmi verði í tekjum og gjöldum félagsins. Félagsgjöld endurspegli þjónustustig félagsins á öllum tímum.

Leiðir að markmiði:

- Bókhaldskerfi félagsins verði skilvirkt.
- Aðhalds verði gætt í rekstri. Endurskoðaðir reikningar allra sjóða félagsins verði birtir á aðalfundum.
- Félögum verði fjölgað til að auka tekjur.
- Félagið sé opið fyrir samrekstri við önnur félög ef það stuðlar að bættum rekstri og aukinni þjónustu.

Stefnumótun 2003-2008

Pátttakendur í vinnunni:

Arnar Gestsson, formaður SV

Hulda Guðmundsdóttir, varaformaður SV

Eysteinn Einarsson, fráfarandi formaður SV

Ásberg K. Ingólfsson, stjórnarmaður SV

Baldur Grétarsson, stjórnarmaður SV

Kristján M. Ólafsson, stjórnarmaður SV

Magnús H. Gíslason, stjórnarmaður SV

Sveinbjörg Sveinsdóttir, stjórnarmaður SV

Sigurður E. Guttormsson, stjórnarmaður SV

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri SV

Sérstakur ráðgjafi:

Sævar Kristinsson, Netspori